

FYRIRMÆLI

um sakaskrá ríkisins og sakavottorð.

1. gr.

Saksóknari ríkisins heldur sakaskrá fyrir land allt og nefnist hún: Sakaskrá ríkisins.

2. gr.

Sakaskrá ríkisins skal haldin í spjaldskrárformi í stafrófsröð og í hana færð þau atriði, sem talin verða í 3.—6. gr.

3. gr.

Héraðsdómarar, þar með taldir sérdómstólar, skulu, svo sem verið hefur, tilkynna sakaskránni, hver úr sínu lögsagnarumdæmi, niðurstöður allra dóma og dómsátta — svo og áminningar — í opinberum málum þ. á m. lögræðissviptingar-málum og málum til brotnáms lögræðissviptingar og skulu tilkynningar sendar án óparfs dráttar.

Dómar Hæstaréttar í opinberum málum skulu tilkynntir sakaskránni.

Einnig skal tilkynna sakaskránni lögregluáminningar samkvæmt 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

4. gr.

Ákærufrestun samkvæmt 56. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, skal færa í sakaskrá.

5. gr.

Niðurstöður erlendra dómstóla í refsímálum íslenzkra ríkisborgara og erlendra manna, búsettra hér á landi skal færa í sakaskrá eftir því sem slíkar dómstólaúr-lausnir berast sakaskránni.

6. gr.

Tilkynna skal sakaskránni uppgjöf sakar í málum, sem lokið hefur verið fyrir dómstólum og enn fremur uppreist æru og endurveitingu réttinda, sem sakborningar hafa verið sviptir með dómi.

7. gr.

Auk þess sem saksóknari ríkisins gefur út, sér til afnota, vottorð úr sakaskrá ríkisins, skulu sakavottorð látn þessum í té, að beiðni þeirra:

- a. Aðila sjálfum.
- b. Hæstarétti.
- c. Dómsmálaráðuneyti.
- d. Héraðsdómara og málflytjendum í opinberu máli.
- e. Héraðsdómara í einkamáli.
- f. Lögreglustjórum vegna veitingar atvinnuréttinda, vegna eftirlits með útlendingum og í sambandi við almenna löggæzlu.
- g. Erlendum dómstólum og löggæzluþyrningum, eftir mati saksóknara.

8. gr.

Upplýsingar, án skriflegs vottorðs, getur saksóknari veitt um sakferli, þegar sér-staklega stendur á, svo sem vegna starfsráðninga, stöðuveitinga og sifjamálefna.

9. gr.

Vottorð samkvæmt sakaskrá má láta í té, þess efnis að aðili njóti allra borgar-legra réttinda.

10. gr.

Í sakavottorði skal eigi greina, nema hið gagnstæða teljist af sérstökum ástæðum nauðsynlegt, að mati saksóknara:

- a. Áminningar.
- b. Ákærfrestanir og skilorðsdóma, þar sem skilorð hafa verið haldin.
- c. Sýknudóma (endanlega sýknudóma).
- d. Refsiniðurfallsdóma og aðra dóma í opinberum málum þar sem eigi er gerð refsing.
- e. Dóma, sem sætt hafa uppgjöf sakar.
- f. Fésektir innan við kr. 10 000.00, þegar 3 ár eru liðin frá ákvörðun þeirra með dómi eða dómsátt.
- g. Fésektir frá kr. 10 000.00 til kr. 30 000.00, þegar 10 ár eru liðin frá ákvörðun þeirra með dómi eða dómsátt.
- h. Dóma um refsivist innan við 6 mánuði, þegar 10 ár eru liðin frá uppkvaðningu dómsins.
- i. Lögræðissviptingu eða brottnám lögræðissviptingar.
- j. Ákvæða dóma í opinberum málum um önnur viðurlög við brotum en refsingar, skal því aðeins getið í sakavottorði, þegar 3 ár eru liðin frá dómsuppkvaðningu og þau þá eru úr gildi fallin, að rétt þyki og nauðsynlegt að mati saksóknara. Sama máli gegnir, séu slík viðurlög ákvörðuð með dómsátt. Telst þá 3ja ára tímabilið frá gerð dómsáttar.

11. gr.

Þegar beiðst er sakavottorðs um sakferli á vissu sviði, svo sem á sviði umferðarmála eða áfengismála, má takmarka vottorðið við það svið, en þess skal þá getið í vottorðinu, að svo sé.

12. gr.

Þeir opinberir aðiljar, sem annast gerð dómsmálaskýrslna og yfirlitsskýrslna um sakfræðileg efni (kriminalstatistik), skulu hafa aðgang að sakaskrá ríkisins í starfi sínu, enda fari það eigi í bág við eðlilega starfrækslu skrárinnar.

Fyrirmæli þessi eru gefin samkvæmt 18. gr. 4. mgr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, og taka gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. marz 1971.

Auður Auðuns.

Baldur Möller.

Nr. 70.

5. apríl 1971.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 28 18. apríl 1958, um útvarpsrekstur ríkisins.

1. gr.

Fyrri mgr. 24. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjalddagi afnotagjalds fyrir hljóðvarp er 1. apríl. Heimilt er þó að innheimta hljóðvarpsgjald í tvennu lagi á gjalddögum sjónvarps.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. apríl 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.